

Foreldraráð MH Fundargerð

Fyrsti fundur eftir aðalfund með nýrri stjórn haldinn í MH mánudaginn 7. október kl. 18:00.

Mættar eru: Arna Sigurðardóttir, Elísabet Einarsdóttir, Fríður Reynoldsdóttir, Harpa Karlsdóttir, Halla Sigrún Arnardóttir, Helga Bryndís Kristjánsdóttir, Ingibjörg Kristín Ferdinandsdóttir, Kristín Finndís Jónsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir.

1. Halla Sigrún Arnardóttir bauð fundamenn velkomna og tilkynnti að þar sem hún ætli að draga sig úr stjórn muni nýr formaður taka við. Formaður ráðsins 2019/2020 verður Kristín Finndís Jónsdóttir.
2. Farið var yfir tilgang foreldraráðs og þau mál sem foreldraráð þarf að sinna. Einnig var sagt frá því að vilji væri fyrir því að breyta nafni og hafa foreldrafélag í stað foreldraráðs. Voru allir fundarmenn samþykkir því.
3. Fjórir nýir aðilar koma inn í stjórn og halda fjórir áfram úr fyrri stjórn. Ný stjórn skipti með sér verkum og er hún eftirfarandi:

Kristín Finndís Jónsdóttir, formaður
Sigríður Þorsteinsdóttir, gjaldkeri og tengiliður við Heimili og skóla
Helga Bryndís Kristjánsdóttir samskiptastjóri
Nína María Morávek, fulltrúi í skólanefnd
Arna Sigurðurdóttir, meðstjórnandi og varafulltrúi í skólanefnd
Elísabet Einarsdóttir, varatengiliður við Heimili og skóla
Harpa Karlsdóttir, meðstjórnandi
Unnar Víðisson, meðstjórnandi
Hugrún Helga Ketel, meðstjórnandi
Fríður Reynoldsdóttir, forvarnarfulltrúi og tengiliður við skólann

4. Ákveðið að endurskoða reglugerð foreldraráðs og uppfæra hana. Þó verður ekki hægt að samþykkja reglugerðina fyrr en á næsta aðalfundi en unnið verður eftir endurskoðaðri reglugerð fram að því.
5. Samskiptasjóra falið að gera nýja Facebook síðu fyrir MH foreldra og foreldraráð og hafa hana sem „likesíðu“ í stað „hópasíðu“ þar sem stjórn telur að slík síða verði líklegri til að ná athygli foreldra. Notuð verður lokuð FB síða fyrir stjórn til að hafa samskipti og ætlar samskiptasjóri að sjá um að búa hana til.
6. Fyrir liggur að hafa fund með stjórn skólans og nemendafélags og ætlar Fríður að kanna hvaða tími hentar í það.
7. Að lokum var aðeins rætt um foreldragæslu, hlutverk hennar og hvernig mönnun hefur gengið. Einnig var Edrúpotturinn ræddur og ákveðið að kaupa inneignarkort fyrir næstu böll. Lagt til að á hverju balli verði 5 x 15.000 kr. inneignarkort í vinning sem var samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00
Nína María Morávek, fundarritari.